



FJARÐABYGGÐ

Leikskólinn Kæríbær
ræsting
2016

Verðfyrirspurn

Nóvember 2016

Lýsing verðfyrirspurnar og tilboðsblað

Efnisyfirlit:

Lýsing verðfyrirspurnar

Verklýsing og framkvæmd ræstingar í Leikskólanum Kæríbær og eldhúsi

Húsbúnaður í Leikskólanum Kæríbær og eldhúsi

Tilboðsblað

Fylgigögn verðfyrirspurnar:

Verklýsing sundurliðuð á einstaka verkþætti, 1 blað/skjal

Málsettar teikningar af húsnæði og vinnustöðvum, 1 blað/skjal

Lýsing verðfyrirspurnar

1. Almenn lýsing verðfyrirspurnar

Fjarðabyggð kt. 470698-2099 óskar eftir tilboðum í ræstingu í Leikskólanum Kærabæ, Hlíðargötu 56 Fáskrúðsfirði. Nánar tiltekið allan leikskólann og eldhús, skv. lýsingu. Tilboð innifelur vinnulið ræstingar ásamt öllum eignum og tækjum sem þarf við ræstingu. Ræsting er boðin út til 3ja ára frá 1. janúar 2017 að telja með framlengingarrétti. Gerður verður sérstakur samningur um ræstinguna sem kveður á um skuldbindingar aðila samnings.

Verðfyrirspurnargögn eru einungis afhent rafrænt. Tilboðum skal skila á ofangreindu tilboðsblaði með rafrænum hætti og skal það fyllt út eins og texti og form þess segir til um. Verðfyrirspurnin er auglýst á vef sveitarfélagsins Fjarðabyggðar. Fjarðabyggð áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboð sem er eða hafna öllum. Ekki eru sett skilyrði fyrir því hverjir bjóða megi í verkið.

Boð skulu gerð á grundvelli fyrirspurnargagna eins og þau liggja fyrir. Tilboðsfjárhæð skal miðuð við ársgrunn með virðisaukaskatti og verður grunnforsenda samnings út samningstíma.

Fjarðabyggð áskilur sé rétt til að taka hvaða tilboði sem er, eða hafna öllum.

2. Upplýsingar

Óski bjóðandi eftir nánari upplýsingum eða frekari skýringum á fyrirspurnargögnum eða hann verður var við ósamræmi í þeim, sem getur haft áhrif á tilboðsfjárhæðina, skal hann senda Fjarðabyggð skriflega fyrirspurn eigi síðar en 6 almanaksdögum áður en tilboðsfrestur rennur út. Fyrirspurnir sem berast síðar verða ekki teknar til greina. Fyrirspurnum sem borist hafa innan tilskilins frests verður svarað eigi síðar en 4 almanaksdögum áður en tilboðsfrestur rennur út.

3. Gerð og frágangur tilboðs.

Tilboð skulu sett fram samkvæmt meðfylgjandi tilboðsgögnum (sjá tilboðsblað). Einnig skal skila öllum fylgigögnum með tilboði á rafrænu formi.

Undirrituð tilboð skulu send rafrænt merkt „Tilboð í ræstingu Leikskólans Kærabæjar“ á netfangið fjardabyggd@fjardabyggd.is með c.c. á Snorra Styrkársson á póstfangið snorri.styrkarsson@fjardabyggd.is.

Tilboð skulu hafa borist eigi síðar en kl. 13 á hádegi þann 23. nóvember 2016. Opnun tilboða fer fram kl. 13.00 sama dag. Bjóðandi er ábyrgur fyrir því að tilboð komist í réttar hendur fyrir opnun þeirra.

Tilboð sem berast síðar verða ekki opnuð og teljast ógild.

Bjóðandi getur afturkallað tilboð sitt áður en tilboð eru opnuð, enda sé það gert skriflega eða með öðrum jafntryggum hætti.

4. Kröfur um upplýsingar og fjárhagslega stöðu

Um skilyrði varðandi aðstæður bjóðenda og hæfi er vísað til innkaupareglna Fjarðabyggðar m.a. er gerð krafa um að bjóðandi uppfylli eftirtalin skilyrði:

- a) Að tilboðsgjafi hafi a.m.k. 3ja ára reynslu af ræstingastörfum eða umsjón með sambærilegum verkefnum.
- b) Að tilboðsgjafi sýni fram á jákvæða eiginfjárstöðu

- c) Að tilboðsgjafi sé ekki í vanskilum með opinber gjöld eða iðgjöld vegna starfsmanna
- d) Að tilboðsgjafi sæti ekki nauðasamningum, greiðslustöðvunum eða sé undir gjaldþrotaskiptum
- e) Að tilboðsgjafi haf ekki verið sakfeldur með endanlegum dómi um refsivert brot.

Verklýsing og framkvæmd ræstingar í Leikskólanum Kærribær

Lýsing á gólfplögum og fermetramál einstakra rýma kemur fram á sérteikningu sem fylgir fyrirspurnargögnum ásamt verklýsingu. Lýsing á húsnæði er hér að neðan.

Lýsing á húsnæði

Leikskólinn Kærribær og eldhús er hluti af Skólamiðstöð Fáskrúðsfjarðar. Húsnæðið var tekið í notkun árið 2007. Stærð húsnæðis er 537,1 m². Gólfefni eru Epoxi og Linólíum dúkur. Húsnæðinu er skipt upp samkvæmt teikningu. Hvert rými er númerað.

Almennt um ræstinguna

Húsnæði leikskólans er almennt tilbúið til ræstingar kl: 16:15 á virkum dögum. Leikskólastjóri getur ákveðið að þrif hefjist síðar þegar nauðsyn krefur. Lýsing á framkvæmd ræstingar er í sérstakri verksundurliðun. Lýsing á stærð einstakra rýma af húsnæði skólans er að finna í sérstakri teikningu af leikskólanum (sjá fylgiskjöl). Tilgreina skal ábyrgðarmann fyrir ræstingu og skilgreina úttektir á ræstingu í samningi. Tilgreina þarf starfsmenn þá sem sinna ræstingu hverju sinni til leikskólastjóra. Starfsmenn þurfa að undirrita trúnaðareið áður en þeir mega ræsta í nafni verksala.

Stórhreingerning í sumarlokun

Í sumarlokun leikskólans skal allt húsnæði skólans þrifið hátt og lágt veggi og skilrúm að innan og einnig borð og stólar í öllum leikskólanum (þó ekki leikfangahúsgögn).

Húsnæði í leikskólanum Kærribær

Anddyri (1 rými): (sjá teikningu/ fylgiskjal)

Snagar, skógrindur, mottur, vatnsbrunnur, ljósarofar, innstungur, hurðir, gluggar, gluggakistur, þurrkskápar, fatahengi, hnallar á hjólum. Epoxy á gólfi.

2 snyrtingar í anddyri: (2-3 rými)

Handlaug, handþurrku- og /wc pappírsskammtari, sápuskammtari, rusladallur, hilla og ljós. Epoxy á gólfi.

Gangur/innri fataklefi sameiginlegt rými allra deilda: (4 rými)

Útihurðir, innihurðir, gluggar, fatahólf/hillur/snagar, skógrindur. Hurðir gluggar við hurðir, gluggakistur, skápar, tússtöflur, fjórir sporöskjulagaðir bekkir, ljósrofar, hitastillar, innstungur. Bekkur, veggklukka, flokkunnarkassar, lampi og ruslafata. Linolíum dúkur á gólfi

Sólarkot, deild- og hvíldarherbergi (5 rými):

Hurðir milli deilda og út, gluggar, gluggakistur, ljós og ljósrofi, sápuskammtari, innstungur, sími, borðbekkur, innrétting / innbyggðir skápar, hillur og skúffur, hilla, tússtöflur, klukka, matarborð og ruslafata. Hillur, dýnur, sængur, teppi, koddar og hljómflutnigstæki. Linolíum dúkur á gólfi

Snyrting á deild /Sólarkoti (6 rými):

Rennihurð, 2 salerni, 2 handlaugar, vaskur, hurð, ljósrofi, ljós, ruslafata, sápuskammtari, box fyrir handþurrkur/ wc þurrkur, skilrúm milli salerna, spegill, hillur, skiptiborð og bleygjubox, Epoxi á gólfi.

Stjörnukot (7 rými):

Hhurðir milli deilda og út, gluggar, gluggakistur, ljós og ljósrofi, sápuskammtari, innstungur, sími, borðbekkur, innrétting / innbyggðir skápar, hillur og skúffur, hilla, tússtöflur, klukka, matarborð og ruslafata. Hillur, dýnur, koddar, teppi og hljómflutnigstæki. Linolíum dúkur á gólfi.

Snyrting á deild /Stjörnukoti (rými 8):

2 salerni, 2 handlaugar, vaskur, rennihurð, ljósrofi, ljós, ruslafata, sápuskammtari, box fyrir handþurrkur/ wc þurrkur, skilrúm milli salerna, spegill, borðbekkur og hillur. Epoxi á gólfi.

Mánakot, deild- og hvíldarherbergi (9rými):

Hurðir milli deilda og út, gluggar, gluggakistur, ljós og ljósrofi, innstungur, sími, borðbekkur, innrétting / innbyggðir skápar, hillur, skúffur og laus hilla, tússtöflur, klukka, matarborð og ruslafata. Dýnur, teppi, koddar og hljómflutnigstæki. Linolíum dúkur á gólfi

Snyrting á deild /Mánakoti (10 rými):

2 salerni, 2 handlaugar, vaskur, rennihurð, ljósrofi, ljós, ruslafata, sápuskammtari, box fyrir handþurrkur/ wc þurrkur, skilrúm milli salerna og hurðar, spegill, borðbekkur, hillur. Epoxi á gólfi.

Skýjakot, deild- og hvíldarherbergi (11 rými):

Hurðir milli deilda og út, gluggar, gluggakistur, ljós og ljósrofi, sápuskammtari, innstungur, sími, borðbekkur, innrétting / innbyggðir skápar, hillur og skúffur, hilla, tússtöflur, klukka, matarborð, ruslafata og hljómflutnigstæki. Linolíum dúkur á gólfi

Snyrting á deild /Skýjakoti (12 rými):

2 salerni, 2 handlaugar, vaskur, rennihurð, ljósrofi, ljós, ruslafata, sápuskammtari, box fyrir handþurrkur/ wc þurrkur, skilrúm milli salerna, spegill, borðbekkur og hillur. Epoxi á gólfi.

Listakot (13 rými):

Borð, stólar, borðbekkur, innrétting, hurðir, rennihurð, skúffur, 2 vaskar, sápuskammtari, handþurrkuskamtari, ruslafata, tvær trönur, klukka, hillur, festingar fyrir maskínupappír og borða. Brunabjalla, ljósrofi, ljós, innstunga og hitastillir. Linolíum dúkur á gólfi.

Dúkkukot (14 rými):

Hilluinnréttingar, gluggi, gluggakista, rennihurðir, hurð, eldhúsinnrétting, borð, stólar, rúm, kerra ásamt ýmsum öðrum lausamunum. Linólíum dúkur á gólfi

Kubbakot (15 rými):

Hurð, gluggi, gluggakista, ljósrofi, ljós, innstungur, hillur, hljómflutningstæki, dýnur, teppi, koddar og einingakubbar í skáp. Linólíum dúkur á gólfi.

Skrifstofa leikskólastýru (16 rými):

Hurð, gluggar, sófi, lítið borð, skrifborð, stólar, lausar skúffur, skápa-og hilluinnrétting. Tölvur, reiknivél, lampi, klukka, tússtafla og rafmagnshólkur. Linólíum dúkur á gólfi

Undirbúningsherbergi (17 rými):

Skápar, hillur lausar skúffur, ísskápur, borð, stólar, tölvur, prentari, plöstunarevé, símar hólkar fyrir rafmagnssnúror, tússtafla. Ljósrofi, ljós, innstungur, hitastillir og ruslafata. Linólíum dúkur á gólfi

Sérkennsla (18 rými):

Hurð, gluggar, borð, skrifborð, stólar, skápa-og hilluinnrétting. Tölva, tússtafla og rafmagnshólkur. Linólíum dúkur á gólfi

Starfsmannasnyrting (19 rými):

Salerni, 1 handlaug, ruslafata, spegill, hilla, hurð, sápuskammtari, box fyrir handþurrkur/wc pappír, sullukar, ljós og ljósrofi.

Þvottahús (20 rými):

Vaskur og vaskaborð, þvottavél, þurrkari, snúror, ryksuga, ruslafata, hillugrind hillur, gluggi, gluggakista, hurðir, ljós og ljósrofi. Epoxi á gólfum

Fatahengi fyrir starfsmenn / snyrting (21/ 22 rými):

Fatahengi, læstir skápar, skógrind, vagn og stimpilklukka. Linólíum dúkur á gólfi.

Starfsmannasalerni (rými 22): salerni, 1 handlaug, ruslafata, spegill, hilla, hurð, sápuskammtari, box fyrir handþurrkur/wc pappír, ljós og ljósrofi. Epoxi á gólfi

Ræstirými (23 rými)

Hurð, vaskur, ljósrofi og innstunga.

Gangur við eldhús (24 rými):

Hurðar/rennihurðar, motta, fatahengi, hrærrivél, hilla, rennihurð. Epoxi á gólfi.

Skrifstofa matræð (rými 25):

Skápar, skrifborð, hilla, tússtafla, sími, stólar, ljósrofi, ljós og innstunga.

Snyrting fyrir eldhúsið (26 rými):

Salerni, 1 handlaug, ruslafata, spegill, hilla, hurð, sápuskammtari, box fyrir handþurrkur/wc pappír, ljós og ljósrofi.

Eldhús (27 rými):

Rennihurðir, uppvottavél, handlaug, vaskar, ofn, eldavél, háfur, frystiskápar, vagnar, hitavagn, eldhúsbekkir, leirtau, hnífapör, útvarp, mottur og ruslagrind.

Búr (28 rými):

Hurðar, frystikistur, mjölkassar, hillur.

Kælir (29 rými):

Hurð, hillur og vagn.

Ræstiherbergi (30 rými):

Hurð, ljósrofi, ljós, innstunga, ræstivagn, vaskur, niðurfall, hillur, vagn fyrir hreinlætisvörur.

Ræstirými (31 rými):

Hurð, vaskur, ljósrofi og innstunga.

Tilboðsblað í ræstingu í Leikskólann Kæríbær Fáskrúðsfirði

Undirritaður gerir hér með eftirfarandi tilboð í ræstingu í Leikskólanum Kæríbær ásamt eldhúsi að Hlíðargötu 56 Fáskrúðsfirði til Fjarðabyggðar kt. 470698-2099. Undirritað tilboð skal sent rafrænt merkt „Tilboð í ræstingu Leikskólans Kæríbær“ á netfangið fjardabyggd@fjardabyggd.is með c.c. á Snorra Styrkársson á póstfangið snorri.styrkarsson@fjardabyggd.is . Tilboði skal skilað fyrir kl. 13:00, 23. nóvember 2016.

Tilboðsgjafi _____ kt. _____

Tilboðsfjárhæðir:

Leikskólinn og eldhús:

1. Ræsting á ári (mv. 11 mánuði) _____ kr. með VSK
2. Stórhreingerning í sumarlokun (árlega) _____ kr. með VSK

Verðbreytingar á samningstíma: _____

Athugasemdir

Staður og dagsetning _____

Undirskrift tilboðsgjafa